

Nd. **465. Frumvarp til laga** [237. mál]

um beytingu á lögum nr. 52/1970, um eftirlit með skipum.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985–86.)

1. gr.

45. gr. laganna falli niður og breytist númeraröð greina 46 og áfram í samræmi við það.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 30. júní 1986.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Núverandi 45. gr. laga nr. 52/1970, um eftirlit með skipum, fjallar um rannsóknarnefnd sjóslysa. Með frv. til laga, sem jafnhliða þessu frv. hefur verið lagt fyrir Alþingi, er gerð tillaga um skipulagsbreytingar sem fela í sér, ef samþykkt verða, að fella þarf niður 45. gr. í lögum um eftirlit með skipum. Rétt þykir að gefa nefndinni frest til miðs árs 1986 til að ljúka þeim verkefnum, sem hún er að vinna að. Verði þeim ekki lokið þá flytjast þau til Siglingamálastofnunar ríkisins.